LAUGARÁS BÍÓ
SÍMI 32075
STÆRSTA TJALDIÐ MEÐ THX

SURVIVING THE GAME




Dauðaleikur

Sleppur hann úr óbyggðum, heldur hann lífi eða deyr hann á hrottalegan hátt? Ice T (New Jack City), Rutger Hauer (The Hitcher, Blade Runner), Charles S. Dutton (Menace II Society), F. Murray Abraham (Amadeus) og Gary Busey (Firm) í brjáluðum dauðaleik. Rafmögnuð spenna frá upphafi til enda.

Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11. Bönnuð innan 16 ára.

JOE PESCI • CHRISTIAN SLATER




Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11. Bönnuð innan 12 ára.

ENDURREISNARMAÐURINN




Nýjasta mynd Danny DeVito.

Sýnd kl. 9.

APASPIL




Sýnd kl. 5 og 7.

REGNBOGINN
SÍMI 19000

Gallerí Regnbogans: Egill Eðvarðsson




Ástríðufiskurinn

Dramatísk en nærfærin og grátbrosleg kvikmynd um samband tveggja kvenna sem lífið hefur leikið grátt á misjafnan máta. Aðalhlutverk: Mary McDonnell (Sneakers, Grand Canyon og tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir aukahlutverk í Dances Whith Wolves) og Alfre Woodard (Miss Firecracker, Scrooged og tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir aukahlutverk í Cross Greek). Leikstjóri: John Sayles.

Sýnd kl 5 og 9.




Ljóti strákurinn Bubby
*** A.I. MBL.
*** Ó.T. RÁS 2.
B. i. 16 ára.
Sýnd kl. 4.50, 6.50, 9 og 11.10.




Allir heimsins morgnar
**** Ó.T Rás2
*** A.I. MBL
*** Eintak
*** H.K. DV.
Sýnd kl. 4.50, 6.50, 9 og 11.10.

FLÓTTINN
Kr. 400 Sýnd kl. 4.50, 6.50, 9 og 11.10. Bönnuð innan 16 ára.

GESTIRNIR
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11. Bönnuð innan 12 ára. Kr. 400

# Boy George ekki faðirinn



BOY George gerði garðinn frægan á árum áður með hljómsveitinni Culture Club.

▶BARNSFAÐERNISMÁLI sem höfðað var gegn Boy George var vísað frá vegna ónógra sönnunargagna. Síðasta september höfðaði ónefnd kona frá Kaliforníu mál gegn söngvaranum og krafðist fjárhagslegs stuðnings fyrir átta ára son sinn. Boy George, sem heitir réttu nafni George O'Dowd, hefur lýst því yfir opinberlega að hann sé samkynhneigður. Hann sagðist aðeins gangast við barninu ef kæmi í ljós að um „meyfæðingu" hefði verið að ræða.

**Myndlist**

# Opnun sýningar á verkum Magnúsar Pálssonar

YFIRLITSSÝNING á verkum Magnúsar Pálssonar var opnuð laugardaginn 24. september á Kjarvalsstöðum. Hann hefur um langt árabil verið í fremstu röð íslenskra framúrstefnulistamanna og einkum unnið skúlptúra, umhverfisverk og „performansa". Verk sín hefur hann sýnt sjálfstætt eða með öðrum á um það bil fimmtíu sýningum hér heima og erlendis.



Morgunblaðið/Halldór

GESTIR virða fyrir sér verk Magnúsar Pálssonar.



MAGNÚS Blöndal, Sigríður Geirsdóttir og Hulda Sasson skoða eitt verka sýningarinnar.



EYJÓLFUR Halldórsson og Lillý Valgerður Oddsdóttir voru meðal opnunargesta.



# Mezzoforte gerir það gott

▶HLJÓMSVEITIN Mezzoforte er á tónleikaferðalagi um Noreg og hefur gengið mjög vel það sem af er. Á dögunum hélt hún sína fyrstu tónleika í Ósló og var uppselt. Þá voru haldnir aukatónleikar og seldist líka upp á þá. Síðustu tónleikar sveitarinnar voru svo haldnir í gærkvöldi og viti menn — uppselt. Þannig hefur tónleikaferðalagið um Noreg gengið og víst er að það verða þreyttir en ánægðir hljómsveitarmeðlimir sem stíga út úr flugvélinni á Leifsstöð seinnipartinn í dag.